

130. löggjafarþing 2003-2004.  
Þskj. 811 – 536. mál.

**Svar heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra  
við fyrirspurn um bið eftir heyrnartækjum.  
Frá Jóhönnu Sigurðardóttur.**

*1. Hversu margir bíða nú eftir heyrnartækjum, hve löng er biðin og hvað kostar að eyða biðlistum?*

Samkvæmt upplýsingum sem ráðuneytið hefur aflað sér má ætla að um 700 einstaklingar bíði nú eftir heyrnartækjum, þar af eru um 630 einstaklingar á biðlista eftir tækjum hjá Heyrnar- og talmeinstöð og um 70 einstaklingar á biðlista hjá Heyrnartækni ehf.

Biðlistinn eftir heyrnartækjum hefur styst verulega á einu ári enda hefur á því tímabili verið lögð mikil vinna í það af hálfu stjórnenda Heyrnar- og talmeinstöðvarinnar að nýta ráðstöfunarfé hennar með sem hagkvæmustum hætti. 1100 manns biðu eftir heyrnartækjum fyrir ári þannig að almennur biðtími eftir heyrnartækjum hefur styst úr 15 til 18 mánuðum í 8 til 9 mánuði. Nú bíða eins og áður sagði um 700 manns eftir tækjum. Við þetta bætist að ekki er útilokað að biðlistar Heyrnar- og talmeinstöðvar og Heyrnartækni ehf. skarist, þ.e.a.s. að sami einstaklingurinn kunni að vera á biðlista á báðum stöðum.

Þá er ekki útilokað að þeir sem nú þegar eru skráðir á biðlista Heyrnar- og talmeinstöðvarinnar eigi ekki rétt á niðurgreiðslu strax. Eftir að biðtíminn eftir tækjum fór að stytast hefur komið í ljós að einstaklingar eiga ekki rétt á

niðurgreiddu tæki fyrr en eftir tvo til fjóra mánuði þegar röðin er komin að þeim

Faglega er gengið út frá því að árleg þörf fyrir heyrnartæki hér á landi sé um 2.200 tæki. Á síðasta ári voru afgreidd 2.200 heyrnartæki frá Heyrnar- og talmeinasstöðinni og 312 niðurgreidd tæki hjá Heyrnartækni ehf. Samtals voru því rúmlega 2.500 tæki afgreidd á síðasta ári með greiðsluþátttöku ríkisins sem þýðir að almennt hefur gengið á biðlistann eftir heyrnartækjum, eins og fram kemur í þeim tölum sem nefndar voru hér að fr. Til viðbótar þessum 2.500 tækjum seldi Heyrnartækni ehf. tæplega 300 tæki án greiðsluþátttöku ríkisins.

Varðandi biðtímann eftir heyrnartækjum er því til að svara að hann er nú að meðaltali átta til tíu mánuðir hjá Heyrnar- og talmeinasstöðinni. Þeir sem eru í forgangshópi bíða í fjóra til fimm mánuði og börn eru ekki á biðlista eftir heyrnartækjum þar sem börn fá tafarlausa þjónustu. Hjá Heyrnartækni ehf. má gera ráð fyrir að biðtíminn eftir niðurgreiddum heyrnartækjum sé fjórir og hálfur til fimm mánuðir.

Spurt er um kostnaðinn við að eyða biðlistum.

Gera má ráð fyrir að fjármagna þurfi kaup á um 1260 heyrnartækjum sem kosta ríkið um 35 m.kr. Þetta byggist á þeirri forsendu að um 700 einstaklingar bíði eftir heyrnartækjum, að um 70% til 80% af þeim þurfi heyrnartæki í bæði eyru og að þátttaka ríkisins í kostnaði við hvert tæki sé 28.000 kr.

Þessu til viðbótar verður að gera ráð fyrir auknum tímabundnum rekstrarkostnaði hjá Heyrnar- og talmeinastöð sem nemur 6-7 m.kr. til að fjármagna viðbótarstarfsmann og aðstöðu fyrir hann. Samtals erum við að tala um ríflega 40 m.kr. sem það gæti kostað ríkið að eyða biðlistanum. Því má velta upp í þessu sambandi að eðli máls samkvæmt er aldrei hægt að eyða biðlistum þar sem hluti þeirra sem eru á biðlista eru í venjubundnu afgreiðsluferli. Sem aftur leiðir hugann að því hverjir á biðlistanum séu í brýnni þörf og hverjir ekki!!!

*2. Hversu margir leituðu til einkaaðila á síðasta ári vegna kaupa á heyrnartækjum og hve langur er biðlistinn þar?*

Eins og fram hefur komið seldi Heyrnartækni ehf tæplega 600 heyrnartæki á árinu 2003, þar af voru 312 tæki sem ríkið tók þátt í að niðurgreiða og því tæplega 300 tæki sem fyrirtækið seldi og ríkið tók ekki þátt í að greiða niður.

*Þá er einnig spurt hve langur biðlistinn sé þar?*

Eins og fram kom í svari mínu við fyrstu spurningunni eru nú um 70 einstaklingar á biðlista eftir heyrnartækjum hjá Heyrnartækni ehf.

*3. Hver er kostnaður einstaklinga við kaup á heyrnartækjum annars vegar hjá Heyrnar- og talmeinastöðinni og hins vegar hjá einkaaðilum?*

Spurt er hver sé kostnaður einstaklinga við kaup á heyrnartækjum hjá Heyrnar- og talmeinastöð annars vegar og hjá einkaaðila hins vegar.

Því er til að svara að verð á heyrnartæki hjá Heyrnar- og talmeinastöð er frá því að vera um 31.000 kr. upp í 80.000 kr. á tæki. Að auki verður að reikna

með kostnaði viðkomandi einstaklings vegna læknisskoðunar og heyrnarmælingar, almennur sjúklingur greiðir rúmlega 4.000 kr. fyrir slíka þjónustu, en lífeyrisþegi, barn og einstaklingur með afsláttarkort rúmlega 1.600 kr. Að því gefnu að ríkið taki þátt í kostnaði við heyrnartækið sem nemur 28.000 kr. verður kostnaður einstaklings við að kaupa eitt heyrnartæki á Heyrnar- og talmeinstöð á bilinu 7.000 til 56.000 þús. kr. fyrir almennan sjúkling en á bilinu 4.600 kr. til 53.600 kr. fyrir lífeyrisþega og almennan sjúkling með afsláttarkort og á bilinu 3.500 til 52.000 kr. fyrir lífeyrisþega með afsláttarkort. En um 80% af skjólstæðingum stöðvarinnar eru lífeyrisþegar og börn.

*Kostnaður einstaklinga við kaup á heyrnartækjum hjá einkaðilum.*

Heildarverð á heyrnartæki hjá fyrirtækinu Heyrnartækni ehf er á bilinu 75.000 kr. til 138.000 kr. á heyrnartæki þegar keypt eru tvö heyrnartæki, en fyrirtækið veitir afslátt ef keypt eru tvö tæki. Verðið felur í sér kostnað við tækið sjálft auk kostnaðar við heyrnarmælingu, mátun, stillingu, ráðgjöf o.sfrv. Sé einungis keypt eitt heyrnartæki liggur heildarverðið á bilinu 85.000 til 150.000 kr. Kostnaður einstaklings við kaup á heyrnartæki hjá Heyrnartækni ehf getur því hlaupið á bilinu 47.000 kr. til 122.000 kr. fyrir hvert tæki.

(Talað orð gildir)